

# **Samningur um innheimtupjónustu**

**Hafnarfjarðarkaupstaður  
og Motus ehf. og  
Lögheimtan ehf.**

19. desember 2014

## Samningur um innheimtubjónustu

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, (hér eftir HK), annars vegar og hins vegar Motus ehf. kt. 701195-3109 og Lögheimtan ehf. kt. 710501-3430, (hér eftir ML) gera með sér eftirfarandi samning um innheimtu vanskilakrafna.

### I. Almennt um þjónustuna

#### 1. gr.

Samningur þessi nær aðallega til fjögurra þjónustubáttá. Í fyrsta lagi er um að ræða fruminnheimtu, sem felur í sér útsendingu innheimtuvíðvörðunar í nafni HK. Í öðru lagi Milliinnheimtu, sem merkir innheimtur á fyrri stigum, áður en tilefni er til lögfræðilegra aðgerða. Í þriðja lagi nær samningurinn til Kröfuvaktar sem er þjónusta ætluð til innheimtu þeirra krafna sem ekki hefur tekist að fá greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir s.s. með beitingu á milliinnheimtufirliinu og/eða lögfræðiinnheimtu, lágar kröfur og kröfur þar sem ekki er líklegt að greiðsla náist í brád. Í fjórða lagi er um að ræða lögfræðiinnheimtu sem felst í beitingu lögfræðilegra innheimtuúrræða.

#### 2. gr.

Hjá ML starfar á 3ja tug lögmanna. PACTA er vörumerki lögmansstofu Lögheimtunnar. Hjá PACTA starfa 22 reyndir lögmenn víða um land (sjá nánar á [www.pacta.is](http://www.pacta.is)). HK skal á hverjum tíma tryggður aðgangur að kröftum allra lögmanna á bestu kjörum, til hvers konar lögmansverka, komi fram ósk um slíkt frá HK, en í samningnum felst engin skylda HK til að beina lögmansverkefnum til lögmanna PACTA fremur en annarra.

### II. Verkferlið

#### 3. gr.

Sérkjör KH samkvæmt samningi þessum miðast við að ML annist alla vanskilainnheimtu fyrir KH. Aðilar skulu koma sér saman um verkferla við innheimtu krafna. Breytingar á verklagsferlum eru heimilar enda séu samningsaðilar sammála um þær og hafa slíkar breytingar engin áhrif á gildi/efni samnings þessa að öðru leyti.

#### 4. gr.

Starfsfólki ML er heimilt að veita greiðslufresti fyrir hönd HK, eftir því sem eðlilegt telst til innheimtu kröfunnar.

Í Kröfuvakt er starfsfólki ML heimilt að semja um vaxtastig, fella niður vexti og hluta höfuðstóls kröfunnar og semja um greiðsludreifingu til lengri tíma, ef það samræmist hagsmunum HK, að mati ML.

HK skal hafa aðgang að viðskiptavef ML, þar sem hægt er að fá upplýsingar um stöðu einstakra krafna á hverjum tíma. ML birtir daglega á viðskiptavefnum heildaryfirlit yfir stöðu allra innheimtumála, þar sem m.a. skulu koma fram upplýsingar um innheimtuárangur, greiðsluyfirlit, þ.e. innborganir, eftirstöðvar og kostnað og á hvaða stigi innheimtan er.

HK fær með samningi þessum aðgang að Greiðsluhraðayfirliti á viðskiptavef ML. Greiðsluhraðayfirlit byggir á gögnum sem sótt eru með B2B aðgangi í viðskiptabanka HK. Gögnin eru notuð til að búa til tölfraði um greiðsluhraða viðskiptakrafna. Skýrslurnar birtast á vefaðgangi HK.

#### 5. gr.

Eftir að krafa hefur verið skráð til innheimtu hjá ML, veitir ML greiðslu kröfunnar viðtöku. Ef krafa er greidd beint til HK, eftir skráningu, ber HK að standa ML skil á áfallinni þóknun, áföllnum innheimtukostnaði, skráningargjaldi og árangurstengdri þóknun til innheimtuaðila, eftir því sem við á.

#### 6. gr.

Innheimtugjald lagt á greiðanda í Fruminnheimtu, Milliinnheimtu og Kröfuvakt er gjald á hverja aðgerð sem ML grípur til við innheimtu kröfunnar. Gjaldið tekur mið af þeirri fjárhæð sem til innheimtu er og miðast við gjaldskrá greiðanda samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði. Greiðandi kröfunnar greiðir innheimtugjaldið, nema um annað sé samið sérstaklega.

Í lögfræðiinnheimtu leggst innheimtugjald eða málskostnaður á kröfu, þóknun fyrir einstakar aðgerðir til innheimtu kröfunnar, hvers konar útlagður kostnaður af innheimtunni, sem og vextir af þóknun og kostnaði.

*Handwritten signature and initials*  
2  
SD

Greiðandi kröfunnar greiðir allan kostnað af innheimtunni, nema um annað sé samið sérstaklega. Þóknarir taka mið af gjaldskrá Lögheimtunnar á hverjum tíma.

**7. gr.**

Nauðasamningur skal ekki gerður við greiðanda, eða annars konar eftirgjöf kröfu veitt af ML, án samþykkis HK, nema krafa sé komin í Kröfuvakt, samanber 2. mgr. 4. gr. samnings þessa.

**8. gr.**

ML ber að hafa samráð við HK um boð í eignir á nauðungarsölu, sem leiða kunna til uppboðskaupa. Séu uppboðskaup gerð skal kostnaður ML vegna innheimtunnar gerður upp þegar uppboðsafsal liggur fyrir. ML aðstoðar við rýmingu húsnæðis, berist ósk um það frá HK.

**9. gr.**

Allar innborganir á kröfur skulu varðveittar á fjárvörslureikningi. ML skal daglega millifæra innborganir á bankareikning HK, vegna milliinnheimtu og kröfuvaktar, en vikulega vegna lögfræðinnheimtu, nema um annað sé samið sérstaklega.

Innborganir á kröfur ganga fyrst til greiðslu á vöxtum af útlögðum kostnaði, þá til greiðslu á útlögðum kostnaði og svo til greiðslu á innheimtugjaldi og annarri þóknun. Þegar innheimtugjaldið og þóknun er greidd ganga innborganir fyrst upp í vexti og því næst höfuðstól kröfunnar. Þetta gildir þótt krafan greiðist ekki að fullu.

**10. gr.**

ML skuldbindur sig til að sinna innheimtunum af kostgæfni, hraða og með fullri virðingu fyrir greiðanda, enda sé tekið tillit til sambands greiðanda og HK í hverju tilviki. Hið sama skal eiga við um verkefni sem kunna að vera falin lögönnum þeim sem starfa hjá Lögheimtunni og PACTA, samanber 2. gr. samningsins.

**11. gr.**

Fyllsta trúnaðar er gætt um allar upplýsingar sem starfsfólk innheimtuaðila kemst yfir í þjónustu sinni fyrir HK. Trúnaðarskyldur lögmannar fara að lögum og siðareglum LMFÍ.

**III. Kostnaður**

**12. gr.**

HK fær 100% afslátt af árgjald fyrir þjónustuna, nú kr. 39.900 á ári samkvæmt verðskrá. Innifalið í árgjaldi er:

- Heimild til þess að nota nafn Motus á innheimtuviðvörðun (Motus stimpill)
- Aðgangur að viðskiptavef Motus og Lögheimtunnar
- Viðskiptastjóri sem ber ábyrgð á samskiptum við fyrirtæki.
- Aðgangur að Innheimtuskóla Motus
- Fruminnheimta, útsendingu innheimtuviðvörðunar
- Milliinnheimta, innheimtu á innlendum vanskilakröfum.
- Faglegt mat og ráðgjöf um næstu skref beri fyrsta lögfræðibréf ekki árangur
- Lögfræðinnheimta, innheimtuaðgerðir á lögfræðistigi (sjá nánar samningsskilmála)
- Kröfuvakt, innheimtu á afskrifuðum kröfum
- Millilandainnheimta, innheimta á erlendum vanskilakröfum
- VAT Refund, innheimta á greiddum virðisaukaskatti af keyptri þjónustu erlendis

HK fær 100% afslátt af eftirfarandi liðum:

- Skráningargjöld í milliinnheimtu, nú 410 krónur á innsenda kröfu.
- Árangurstengdri þóknun í milliinnheimtu, nú 5% af hverri innheimtri kröfu.
- Greiðsluhraðskýrslum, nú 12.500 krónur á mánuði.

**13. gr.**

HK ber engan kostnað af því að skrá eða hafa kröfur sínar í Kröfuvakt, en ML fær í sinn hlut hlutdeild af innheimtum höfuðstól og vöxtum, auk kostnaðar af innheimtunni. Hlutdeild ML tekur mið af aldri kröfu við greiðslu í Kröfuvakt í samræmi við neðangreinda töflu:

H. 28.

Stj

Fjöldi mánaða frá gjalddaga	Hlutdeild Motus
0 – 6 mánuðir	30%
7 – 12 mánuðir	35%
13 – 18 mánuðir	40%
+ 18 mánuðir	50%

Taki innheimtumál til fleiri en eins reiknings, skal við útreikning ofangreindra gjalda miða við elsta gjalddaga.

#### 14. gr.

Reynist innheimtutilraunir ML árangurslausar, þar með talið vegna lögfræðiinnheimtu, þar HK engan kostnað, nema í þeim tilvikum að HK óski eftir innheimtuaðgerðum sem ML mælir ekki með, eða innheimtan reynist árangurslaus vegna atvika sem HK ber ábyrgð á.

ML getur í sérstökum tilfellum áskilið sér greiðslu þóknunar, hafi óvenjuleg eða sérstök vinna verið lögð í innheimtuaðgerðir, enda hafi verið haft samráð við HK um þær aðgerðir.

Véfengi greiðandi réttmæti kröfu HK, svo sem með því að halda uppi vörnum í dómsmáli sem ML hefur höfðað fyrir HK, skal haldin skrá yfir unna tíma lögmanns og HK gerður reikningur í samræmi við hana.

Ekki skal farið í dómsmál án samþykkis KH. ML gefur HK mánaðarlega yfirlit yfir stöðu dómsmála.

#### 15. gr.

Heimilt er að afturkalla innheimtubeiðnir í lögfræðiinnheimtu án greiðslu þóknunar, fram til þess að stefna vegna kröfunnar hefur verið send til birtingar eða greiðsluáskorun send til birtingar vegna krafna sem njóta beinnar fjárnáms- eða nauðungarsöluheimildar, í þeim tilfellum þegar innheimtubeiðni hefur verið send vegna misskilnings eða mistaka. Sama á við um afturköllun krafna úr kröfuvakt í tvær vikur frá skráningu. HK ber að leitast við að haga útsendingum krafna til innheimtu þannig að afturkallanir eigi sér stað sem sjaldnast. Sé afturkallað eftir framangreind tímamörk greiðist þóknun samkvæmt gjaldskrár ML.

#### 16. gr.

Sé verulega hægt á innheimtuaðgerðum að ósk HK, eða þær stöðvaðar, getur ML krafist greiðslu útlagðs kostnaðar.

### IV. Gildistaka, uppsögn og kynning sammings

#### 17. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2015 í eitt ár. HK hefur rétt til að framlengja samninginn einhliða um allt að tvö ár.

Við sammingslok hefur ML rétt á að ljúka innheimtu á þeim málum sem skráð hafa verið til innheimtu hjá ML. Óski HK eftir afturköllun á kröfum sínum úr Kröfuvakt á ML rétt á greiðslu 50% af höfuðstól krafanna.

#### 18. gr.

ML er heimilt að tilgreina HK opinberlega í kynningarskyni sem einn af sínum viðskiptavinum, þ.m.t. senda út fréttatilkynningar, birta auðkenni (logo) o.s.frv.

Með sama hætti er HK heimilt að kynna samstarf sitt við ML og það að verði vanskil á greiðslum verði innheimta skuldanna falin ML til innheimtu. Í því skyni er HK m.a. heimilt að prenta eða stimpla upplýsingar þar að lútandi á reikninga sína, greiðsluseðla, reikningsyfirlit og ítrekanir.

#### 19. gr.

Vanefni ML eða HK samninginn verulega, enda sé ekki bætt úr vanefndinni að undangenginni áskorun þar um, getur sá sem vanefnd beinist að rift samningnum án frekari fyrirvara. Riftun getur beinst að einstökum þáttum sammingsins, enda taki vanefndin aðeins til afmarkaðra hluta hans.

#### 20. gr.

Rísi ágreiningur vegna sammings þessa skulu aðilar kappkosta að leysa sérhvern ágreining með samkomulagi og beina ágreiningi til gerðarmeðferðar sé nokkur kostur samkomulags þar um. Þó skal hvorum aðila heimilt að vísa ágreiningi til almennra dómstóla og mál vegna hans má ávallt reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

*d. 2. 11*  
SKD 4

## VI. Ýmis ákvæði

### 21. gr.

HK er ekki virðisaukaskattsskyldur og því er heimilt að velta kostnaði af virðisaukaskatti, sem leggst á allar ítrekanir og þóknarir og innheimtuaðili greiðir í ríkissjóð, á greiðanda. Til að takmarka kostnað sem greiðendur bera af innheimtunni, meðal annars með vísan til meðalhófsreglu, greiðir kröfuhafi virðisaukaskattinn, en krefst síðan endurgreiðslu hans úr ríkissjóði samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

### 22. gr.

Fjárhæðir í samningi þessum skulu taka árlegum gjaldsskrárbreytingum sem taka mið af vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu desember 2014. Allar fjárhæðir og þóknarir sem samningur þessi tekur til eru án virðisaukaskatts.

### 23. gr.

Ákvæði samnings þessa og minnisblaðs, sem undirritað er samhliða, gilda einnig fyrir stofnanir, fyrirtæki og samstarfsstofnanir HK. Einhliða yfirlýsing HK til ML nægir til að ákvæði samningsins taki til slíkra aðila, en einnig má gera samhljóða samning við einstaka aðila.

### 24. gr.

Viðauki við samning þennan er minnisblað sem er undirritað samhliða

### 25. gr.

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt bæjarráðs HK, en með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar HK.

Hafnarfirði, 19. desember 2014

Sigurður Arnar Jónsson  
f.h. Mótus ehf./Lögheimtunnar ehf.

  
Har. d. Jóhannsson  
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

SD<sub>5</sub>

# Viðauki við samning

# Minnisblað – Breytingar á viðskiptakjörum

Viðskiptavinur | Hafnarfjarðarkaupstaður – kt. 590169-7579

Dagsetning | 24. nóvember 2014

Minnisblað þetta er hluti sammings Motus ehf., Lögheimtunnar ehf. og Hafnarfjarðarkaupstaðar um innheimtu vanskilakrafna. Í minnisblaðinu eru skilgreind sérkjör greiðenda Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Kostnaður greiðanda í frum- og milliinnheimtu

Höfuðstóll	Innheimtu- viðvörðun	1. bréf milliinnheimta	2. bréf milliinnheimta	3. bréf milliinnheimta
0- 999	400 kr.	400 kr.	550 kr.	550 kr.
1.000 – 2.999	400 kr.	400 kr.	650 kr.	650 kr.
3.000-5.999	600 kr.	900 kr.	1.500 kr.	1.500 kr.
6.000-14.999	600 kr.	950 kr.	1.600 kr.	1.600 kr.
15.000-34.999	800 kr.	1.950 kr.	2.600 kr.	2.600 kr.
35.000-84.999	800 kr.	3.100 kr.	3.350 kr.	3.350 kr.
85.000 +	950 kr.	4.200 kr.	4.750 kr.	4.750 kr.

Í innheimtu fasteignagjalda er innheimtuferli með þeim hætti að í milliinnheimtu eru tvö innheimtubríf á hvern gjalddaga auk lögbundinnar innheimtuviðvörðunar. Hringt er í greiðanda tvisvar yfir álagningartímabil.

## Símhringing til greiðanda

Í verkferli því sem aðilar vinna eftir er hringt í greiðendur og er gjaldtaka vegna úthringingar 550 kr. sem leggst á greiðendur.

Við úthringingu á öðrum gjöldum en fasteignagjöldum er hverju innheimtumáli fylgt eftir með hringingu. Við úthringingar við innheimtu fasteignagjalda er hringt tvisvar yfir álagningartímabilið. Þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður er með 10 gjalddaga við innheimtu fasteignagjalda, þá mun kostnaður greiðanda vegna hringinga vera að hámarki 1.100 kr. í stað 5.500 kr. ef hringt væri vegna hvers staks gjalddaga og ef allir gjalddagar eru í vanskilum.

## Samkomulag við greiðendur

Í verkferli því sem aðilar munu vinna eftir mun Motus sjá um og halda utan um samkomulög sem gera þarf við greiðendur. Gjaldtaka vegna gerð og utanumhalds samkomulags er 2.700 kr. og leggst gjaldið á greiðendur. Gjaldtaka er í samræmi við reglugerð nr. 37/2009

Hafnarfirði, 19. desember 2014

  
f.h. Motus ehf./Lögheimtunnar ehf.

  
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

SKJ